

**217. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 7. júní 2023 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad aðalmaður, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Anney Ágústsdóttir verkefnastjóri og Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2306015 - Foreldrafélög grunnskólanna - beiðni um samtal við skóla- og frístundaráð**

Fulltrúar foreldrafélaga grunnskólanna þær; Anna María Þórðardóttir, Margrét Jónsdóttir, G. Erna Valentínusardóttir og Krittín Kötterheinrich sitja fundinn undir þessum lið ásamt Heiðrúnu Janusardóttur verkefnastjóra frístunda og forvarna.

*Skóla- og frístundaráð þakkar fulltrúum foreldrafélaga grunnskólanna fyrir góðar og upplýsandi umræður. Sviðsstjóra falið vinna málin áfram.*

**2. 2208151 - Farsæld barna - skipulagt og farsælt frístundastarf fyrir alla**

Stýrihópur um farsælt frístundastarf fyrir öll börn á Akranesi leggur til að ráðinn verði verkefnastjóri í 80% starf til eins árs til að sinna utan um haldi og framkvæmd verkefnisins. Kostnaður vegna stöðu verkefnastjóra verður tekinn af 9.000.000 kr. styrk frá Barna- og menntamálaráðuneytinu sem hlaut vegna forystuhlutverks Akraneskaupstaðar í innleiðingu farsældarlaga.

Erindi lagt fram til kynningar.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir  
Einar Brandsson  
Liv Aase Skarstad